

Námsáætlun í íslensku 1. bekkur miðönn 2021 - 2022

<p>Stafsetning og skrift: Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifi stóran staf í upphafi nafna. • Hafi bil á milli orða. • Læri að draga rétt til stafs • Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd 	<p>Málfræði: Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð. • Fleirtala/eintala • Andheiti/samheiti • Þekki stafrófið • Efli orðaforða og orðaskilning
<p>Ritun: Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekki skriftaráttina • Skrifi orð eða setningu • Þjálfist í að hafa bil á milli orða • Fáí fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi. 	<p>Talað mál, hlustun og áhorf Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt. • Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi • Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
<p>Lestur : Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.</p> <p><u>Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 3x</u></p> <p>Viðmið í 1. bekk: Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekki alla stafi og hljóð • beiti aðferðum við umskráningu hljóða • efli hljóðvitund sína • 90% viðmið í lok 1. bekkjar eru 20 orð/mín að vori 	

Námsmat:

Leiðsagnarmat fer fram alla önnina. Í lok annar verður gefin umsögn um stöðu nemanda. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarskimunum. Í annarlok verða lögð fyrir lesfimiþróf. Umsögn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Kennsluefni:

Lestrarlandið – lesbók og vinnubók, valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur og vinnubækur, gagnvirkt efni.

Við vinnum með einn bókstaf á viku og er hann lagður inn á föstudegi og svo unnið með hann í vikunni á eftir. Vert er að taka fram að margir hafa nú þegar náð tókum á hjóðum allra bókstafa og eru farin að beita hljóðtengingu í átt að lestri. Engu að síður verður unnið sérstaklega með hvern bókstaf. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem sem hæfa hans getu, þrátt fyrir að námsþættir séu þeir sömu innan hópsins. Þannig stuðlum við að einstaklingsmiðun námi.

Íslenska, miðönn 2020 - 2021 – 1.bekkur		
Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
15. – 19. nóv	Bókstafurinn Uu Skrift Samsett orð	
22. – 26. nóv	Bókstafurinn Ee Andheiti/samheiti Skrift	
29. nóv – 3. des	Bókstafurinn Vv Skrift, lítill og stór stafur	
6. des – 10. des	Vinna í vinnubók Árshátíðarundirbúningur	
13. – 17. des	Vinna í vinnubók Jólauppbrot	14. des Árshátíð
20. des – 3. jan	Jólafrí	
3. – 7. jan	Bókstafurinn Oo Eintala/fleirtala	3. jan starfsdagur
10. – 14. jan	Bókstafurinn Nn Stafrófið Skrift	
17. – 21. jan	Bókstafurinn Ææ Stór og lítill stafur Andheiti/samheiti	
24. – 28. jan	Vinna í verkefnabók Stór og lítill stafur	
31. jan – 4. feb	Vinna í verkefnabók Samheiti/andheiti Eintala/fleirtala	
7. feb – 11. feb	Skrift Rím, atkvæði,	
14. – 18. feb	Upprifjun og uppbrot.	17. feb starfsdagur 18. feb foreldraviðtöl, annarlok